

Skýrsla stjórnar Trans Íslands

TRANS ÍSLAND

2019 - 2020

Yfirlýsing formanns

Árið 2019 var stórt ár í sögu réttindabaráttu trans fólks á Íslandi. Í júní 2018 voru undirrituð lög um kynrænt sjálfræði, sem hafa verið í vinnslu síðastliðinn 4 ár. Frumvarpið markaði stórt skref fyrir trans fólk hérlendis þar sem lögin komu inn á ýmis málefni sem snerta réttindastöðu trans fólks, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og bættu aðgengi að nafna- og kynskrárbreytingum. Einnig var í fyrsta skipti lögbundin þjónusta við trans ungmenni hérlendis og réttindi þeirra í fyrsta sinn rituð í lög.

Frumvarpið kemur inn á ýmsa vankanta fyrri laga og eiga að umbreyta heilbrigðisþjónustu og aðgengi að sjúkratryggingum, þar sem ferlið mun byggja á upplýstu samþykki án eiginlegra greininga og að öll heilbrigðisþjónusta sem tengist ferli trans fólks verði borguð af sjúkratryggingum. Einnig munu lögin hafa áhrif á önnur lög og umbreyta mannanafnalögum til að taka á fjölbreytileika kynvitundar, en áframhaldandi nefndarvinna fer eftir áætlun.

Helsta hlutverk stjórnar Trans Íslands hefur verið að fylgja frumvarpsmálum eftir, sem hefur farið fram í fundarvinnu og stuðning við mál sem komið hafa upp í kjölfarið, meðal annars máli þar sem íslenskri trans konu var neitað um sitt kynræða sjálfræði.

Starf stjórnar hefur á þessu ári verið mikið bakvið tjöldin og munum við stefna að því að auka gegnsæi og byrja að byggja upp virkara félagslíf meðal félagsfólks. Við vonum að Trans Ísland muni halda áfram að sinna sýnu hlutverki og haldi áfram að vera helsti málsvari trans fólks á Íslandi.

Formaður stjórnar Trans Íslands,

Ugla Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir



Kafli 1 - Almenn félagsstarfsemi og uppbygging félagsins

Undanfarin ár hefur starfsemi félagsins verið í minni sníðum og eru allskonar ástæður þar á bakvið, en öll vinnan er unnin í sjálfböðavinnu og er félagsleg staða trans fólks oft verri en annara, sem hefur áhrif á afdrif stjórnarmeðlima. Á þessu ári hefur stjórn félagsins farið í að byggja sterkari innviði, félagsmál og unnið að auka félagsaðild og sinna helstu skyldum gagnvart þjónustuaðilum og stjórnvöldum.

Félagsmál og viðburðir

Lögð var vinna í að byggja upp félagslíf innan félagsins líka og voru nokkrir viðburðir haldnir, meðal annars uppskeruhátíð, teboð, make-up kvöld og fleira sem heppnaðist vel og var almennt vel sótt.

Samstarf við ráðgjafabjónustu

Ráðgjafabjónusta Samtakanna '78 heldur úti þremur stuðningshópum fyrir trans fólk og einn fyrir aðstandendur trans fólks. Stjórn Trans Íslands er í beinu sambandi við ráðgjafa sem halda utan um þá hópa og hafa meðal annars haldið viðburði sérstaklega út frá þörfum þessara hópa.

Hinsegin dagar

Trans Ísland tók þátt í Hinsegin dögum að vanda. Að þessu sinni var þema félagsins bleikþvottur og vakti atriði Trans Íslands í göngunni athygli á bleikþvotti og mikilvægi þess að sporna gegn honum.

Trans Ísland tók einnig þátt í sameiginlegri yfirlýsingu með Samtökunum '78 og Hinsegin dögum í kjölfar handtöku sem átti sér stað á hátíðinni. Handtakan var að mati stjórnar ofbeiting á valdi og átti aldrei að eiga sér stað.



Kafli 2 - Lög um Kynrænt sjálfræði

Í kjölfar samþykktar á lögum um kynrænt sjálfræði er ýmislegt sem þarf að fylgja eftir, meðal annars að hafa samband við þjónustuaðila til að kanna regluverk, sjá til þess að stofnanir og fyrirtæki séu í stakk búin til að leiða í gegn þriðju kynskráninguna og sinna almennu eftirlitshlutverki og stuðningi við viðeigandi aðila. Stjórn Trans Íslands hefur því sinnt ýmsum skyldum hvað það varðar á árinu.

Brot á lögum um kynrænt sjálfræði

Síðla árs 2019 fékk Alda Vigdís Sigfúsdóttir neitun á að breyta nafni og kyni frá Þjóðskrá Íslands, og bar stofnunin fyrir sig að hún væri búsett erlendis. Í lögum um kynrænt sjálfræði voru sérstaklega teknar út allar kröfur um að sanna búsetu hérlendis, enda getur það ollið vandamálum fyrir ýmsa hópa, meðal annars heimilslausra sem geta ekki sýnt fram á fasta búsetu.

Eftir að Alda kærði ákvörðun Þjóðskrár til ráðuneytis var sett af stað lagabreyting innan þingisins sem sá til þess að Alda, og aðrir sem í hennar stöðu eru, geti breytt nafni og kyni í Þjóðskrá. Ljóst er hinsvegar að brotið var á rétti hennar, en stjórn Trans Ísland fagnar því að brugðist var við og að Alda geti nú breytt um nafn og kyn í Þjóðskrá, enda hefur það ollið henni miklum erfileikum þegar kemur að sækja sér þjónustu og vinnu.

Fangelismál

Stjórn Trans Íslands og Samtakanna '78 fundaði með fangelsismálastofnun snemma á árinu til að fara yfir umsögn stofnunarinnar á lögum um kynrænt sjálfræði og stöðu trans fanga. Fundurinn heppnaðist vel og mun stjórn Trans Íslands vera í beinu sambandi við Fangelsismálastofnun ef koma upp mál trans fanga, en eins og stendur munu allir trans fangar vera vistuð í samræmi við kynvitund.



Kvennaskýli

Á árinu fundaði stjórn Trans Íslands með Konukoti, Kvennaathvarfinu og Bjarkarhlíð. Rætt var um aðgengi trans kvenna og trans fólks almennt að þjónustuúrræðunum og heppnuðist fundirnir vel. Þjónustuaðilar höfðu öll fengið trans fólk til sín áður og munu halda áfram að veita sýna þjónustu í samræmi við kynvitund og þarfir viðkomandi. Stjórn Trans Ísland mun vera í beinu sambandi við viðkomandi úrræði eftir á til að aðstoða við mál sem koma upp eða til þess að gera úrræðin transvænni.

Íþróttamál

Kolbrún Mist Pálsdóttir var skipuð í nefnd með Íþróttasambandi Íslands (ÍSí), sem vinnur nú að bæklingi um aðgengi trans barna og unglunga að íþróttum. Eins og stendur er ÍSí að vinna í því að gera sitt starf transvænt og tryggja þátttöku og stöðu trans fólks og trans ungmenna innan síns starfs. Vinnan hefur gengið vel og mun halda áfram, enda telur stjórn Trans Íslands það mikilvægt að þessi mál séu tekin föstum höndum.

Fjármál og styrkir

Félagið hefur verið fjárhagslega stöðugt á þessi ári og hefur helstu kostnaður verið varðandi viðburði, fundi og annað tengt almennustarfi. Helst má nefna að félagið hlaut styrk frá Minningarsjóði Gunnars Thoroddsenar upp á 500.000 kr. fyrir starf sitt í þágu trans fólks hér á landi. Ýmsar hugmyndir eru um hvað styrkurinn verður nýttur í, en ný stjórn mun taka frekari ákvarðanir um nýtingu hans.

Transteymi Landspítala og BUGL

Stjórn Trans Íslands hefur fundað með transteymi Landspítala og BUGL teymi sem snýr að trans börnum á árinu og mun halda áfram reglulegum fundum og samráði með viðeigandi teyimum. Stjórn Trans Íslands telur mikilvægt að halda áframhaldandi samtali, enda munu



lög um kynrænt sjálfræði hafa áhrif á samsetningu og þjónustu sem teymin veita. Stjórn Trans Íslands mun því halda áfram að tala máli félagsfólks og vekja athygli á málum sem betur mætti fara.

Kaflí 3 - Áframhald

Stjórn Trans Íslands hefur staðið í mikilli uppbyggingu á félaginu á ný og mun halda því starfi áfram. Það felur í sér að auka við félagslega viðburði, nýtingu á styrk og að byggja upp stærri félagsaðild. Mikilvægt er að Trans Ísland sinni sýni hlutverki sem hagsmuna- og baráttu samtök trans fólks á Íslandi og vonar núverandi stjórn því að því starfi verið haldið áfram og Trans Ísland verði enn betri og fagmannlegri málsvari fyrir réttindum trans fólks en nokkru sinni fyrr.

